

LÖG

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Skýlt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um kirkjuþing þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Kirkjuþing þjóðkirkjunnar fjallar um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar að eigin frumkvæði og leysir úr þeim málum, sem til þingsins er vísað af hálfu biskups, kirkjuráðs, Alþingis og kirkjumálaráðherra.

Kirkjuþing skal halda ár hvert, að jafnaði í október, og starfa allt að 10 dögum.

Kirkjuþing og kirkjuráð vinna að því að efla íslenska kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar í þjóðlífinu.

2. gr.

Á kirkjuþingi eiga sæti 20 kjörnir þingfulltrúar. Eru 18 kjörnir í 8 kjördæmum, 1 kys guðfræðideild Háskóla Íslands og 1 guðfræðingur, er vinna í þágu þjóðkirkjunnar að sér-